

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Steinunnar Briem, prestkonu á Staðastað, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 26. september 1967.**

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Steinunnar Briem, prestkonu á Staðastað.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Steinunnar Briem, prestkonu á Staðastað, árin 1901 til 1912, fædd 10. marz 1870, dain 1. júní 1962.

### 2. gr.

Stofnandi sjóðsins er Guðlaug Gísladóttir, ekkja Halldórs Eyjólfssonar, búfræðings, en þau hjón bjuggu um skeið á hluta úr Staðastað í prestskapartíð séra Vilhálms Briem og frú Steinunnar. Stofnfé er kr. 3 000.00 — þrjú þúsund krónur —.

### 3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands. Höfuðstól hans má aldrei skerða og skal að minnsta kosti helmingur ársvaxtanna lagður við árlega, en hinum hluta þeirra skal úthluta samkv. ákvæðum Kvenfélags Staðastaðarsóknar, eftir því sem stjórn þess álitur að komi að sem mestum notum á hverjum tíma, hvort heldur sem styrkur, verðlaun eða varið til þarfa kirkjunnar.

### 4. gr.

Kvenfélag Staðastaðarsóknar annast stjórn og úthlutun úr sjóðnum og veitir gjöfum í hann móttöku. Hætti Kvenfélagið störfum skal afhenda Staðastaðarkirkju sjóð þennan.

### 5. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

*Reykjavík, 20. apríl 1967.*

**Guðlaug Gísladóttir.**

## AUGLÝSING

**um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á byggingarsamþykktum.**

Samkvæmt lögum nr. 19 20. okt. 1905, um byggingarsamþykktir, sbr. lög nr. 84 16. des. 1943, um breytingar á þeim lögum og skipulagslög nr. 19 21. maí 1964, hefur ráðuneytið í dag staðfest byggingarsamþykktir fyrir eftirgreind sveitarfélög:

1. Akureyrarkaupstað.
2. Flateyrarhrepp, Vestur-Ísafjarðarsýslu.
3. Hólshrepp, N-Ísafjarðarsýslu.
4. Reyðarfjarðarhrepp, S-Múlasýslu.